



Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 3. mars 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur

Samtök iðnaðarins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu (hér eftir „**samtökin**“) vísa til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 15. október sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, 505. mál.

Eins og fram kemur í umfjöllun um frumvarpið eru helstu breytingar sem þar eru lagðar fram þær að gerð er tillaga að markmiðum laganna til samræmis við markmið hringrásarhagkerfisins um lágmörkun á auðlindanotkun og úrgangsmýndun. Þá er lögð til hækkun á skilgjaldi á hverja umbúðaeiningu þannig að gjaldið verði 18 kr. á einingu í stað 16 kr. Einnig eru lagðar til breytingar á umsýsluþóknun umbúða. Einnig er gert ráð fyrir að Endurvinnslan hf. hefji markvissa vinnu við endurvinnslu glers á árinu 2021. Loks er lagt til að aðilar sem selja farþegum og áhöfnum millilandafara vörur úr tollfrjálsri verslun við brottför frá landinu skuli leggja á og greiða skilagjald og umsýslugjald eins og um væri að ræða sölu einnota drykkjarvöruumbúða innanlands.

Drög að frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar var kynnt til umsagnar á Samráðsgátt stjórnvalda sl. haust, sbr. mál nr. 193/2020, og þar sem bárust umsagnir um drögin, m.a. frá Samtökum iðnaðarins. Af fyrirliggjandi frumvarpi má ráða að það hefur tekið breytingum upp að vissu marki að teknu tilliti til umsagna sem bárust um frumvarpsdrögin. Heilt yfir taka samtökin jákvætt undir þær breytingar sem lagðar eru fram í frumvarpinu en gera athugasemdir við einstakar greinar:

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 1. mgr. 1. gr. hvað varðar markmiðsákvæði laganna á þá vegu að lögunum er m.a. ætlað að minnka notkun drykkjarumbúða. Þá er einnig vikið að þessu markmiði í almennum athugasemdum frumvarpsins, s.s. í umfjöllun um umsagnir sem bárust um áður nefnd frumvarpsdrög. Hvað þetta varðar benda samtökin á mikilvægi þess að hinum almenna markaði sé falið ákveðið hlutverk í því að stýra þessu markmiði enda óhætt að segja að markaðurinn sé að vissu leyti betur til þess fallinn að greina þarfir markaðarins og koma fram með lausnir eða úrræði. Þessu til viðbótar benda samtökin á að í fyrirliggjandi frumvarpi, þrátt fyrir almennar tilvísanir til regluverks og inntaks hringrásarhagkerfis í kafla 5, er hvergi að sjá að frumvarpshöfundar leggi til lausnir eða tillögur um hvernig eigi að ná fram markmiði þessu. Hvergi má ráða að mat sé lagt á það hvaða aðrar lausnir eru bærar til að leysa af einnota drykkjarumbúðir eða hverjar staðgönguvörur slíkra umbúða séu. Að mati samtakanna er mikilvægt að þegar slík markmiðssetning er innleidd í lög að áður hafi farið fram mat á því hvaða vörur unnt sé að nýta í sama tilangi sem og hvaða áhrif slíkar kröfur hafi á t.a.m. samkeppni og vísast hér til samkeppnismats. Vísast hér til álits



Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009 þar sem eftirlitið bendir á að stjórnvöldum beri að meta áhrif fyrirhugaðra laga og stjórnvaldsfyrirmæla á samkeppni.

Í 4. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 1. mgr. 4. gr. nógildandi laga á þá vegu að kveðið verði á um söfnunarmarkmið einnota drykkjarumbúða. Samtökin gera ekki sérstaka athugasemd hvað slíka markmiðssetningu varðar en benda á að í fyrirliggjandi frumvarpi er ekki nánar kveðið á hvert það markmið er. Telja samtökin að skýra þurfi nánar markmið þetta sem og hvað sé átt við um söfnun um land allt, s.s. með hvaða hætti söfnun skal viðhöfð og frekari kvaðir því tengt sem fyrirtækjum og almenningi sé ætlað að framfylgja. Telja samtökin því margt óljóst hvað þetta markmið varðar sem kallar á nánari greiningu og vinnu við útfærslu þess. Að gefnu tilefni ítreka samtökin hér þá staðreynd að það er nú þegar kvöð á Endurvinnslunni hf. að stefna að og viðhalda 90% hlutfalli hvað söfnunarhlutfall varðar. Telja samtökin því óvarlegt að íhlutast um hvar eigi að setja niður einstaka söfnunarstöðvar þegar Endurvinnslunni hf. er þegar gert að uppfylla þetta hlutfall. Að mati samtakanna ætti Endurvinnslunni hf. í raun að vera treystandi fyrir því að uppfylla þetta skilyrði um 90% hlutfall án íhlutunar stjórnvalda um hvar og hvernig því markmiði skuli náð og þess í stað að fela fyrirtækinu að útfæra slíkt kerfi, enda hefur Endurvinnslan hf. sýnt að fyrirtækið er vel fær til að ná fram æskilegu skilahlutfalli á eigin forsendum.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarp til laga. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka iðnaðarins


Lárus M. K. Ólafsson

F.h. Samtaka verslunar og þjónustu


Benedikt S. Benediktsson